

Húnaþing vestra  
Hvammstangabraut 5  
530 Hvammstangi



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 13. febrúar 2014  
Tilvísun: UST20130800100/gsá

### Staðfesting á úrbótum móttækin - máli lokið.


Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 30. janúar 2014 þar sem áformað var að veita **urðunarstað Húnaþings vestra á Syðri Kárastöðum**, áminningu vegna frávíks sem fram kom í fyrirvaralausú eftirliti þann 18. nóvember 2013, hvað varðar að framkvæmd urðunar á sláturúrgangi var ófullnægjandi.

Þann 10. febrúar sl. barst Umhverfisstofnun bréf frá rekstraraðila þar sem staðfest var að viðeigandi úrbætur hafi verið gerðar á urðunarstaðnum og tryggt hafi verið að sláturúrgangur sé nú að fullu hulinn. Einnig kemur fram að samþykkt hefur verið að taka upp reglubundna verkfundi um framkvæmd sorphirðu og urðunar á svæðinu.

Lítur Umhverfisstofnun á þetta sem fullnægjandi úrbætur og mun ekki aðhafast frekar vegna frávíksins.

**Hér með staðfestist að urðunarstaður Húnaþings vestra á Syðri Kárastöðum hefur bætt úr því frávíki sem kom fram við fyrirvaralaust eftirlit frá 18. nóvember sl.**

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir  
Sérfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra